

## REGLUGERÐ

### um hönnun og framleiðslu skemmtibáta og einmenningsfara.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

###### Tilgangur.

Tilgangur reglugerðarinnar er að mæla fyrir um kröfur til hönnunar og framleiðslu þeirra vara sem um getur í 1. mgr. 2. gr., og reglur sem gilda um frjálsan flutning þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins (hér eftir EES).

###### 2. gr.

###### Gildissvið.

1. Reglugerðin gildir um eftirtaldar vörur:

- a. skemmtibáta og hálfsmíðaða skemmtibáta,
- b. einmenningsför og hálfsmíðuð einmenningsför,
- c. íhluti, sem tilgreindir eru í II. viðauka, þegar þeir eru settir sér á markað á Evrópska efnahagssvæðinu,
- d. knúningsvélar sem eru settar í eða ætlaðar sérstaklega til uppsetningar á eða í förum,
- e. knúningsvélar, sem eru settar á eða í för, eftir umtalsverða breytingu á vélinni,
- f. för sem hefur verið breytt umtalsvert.

2. Reglugerðin gildir ekki um vörur sem taldar eru upp í 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

3. Sé far sett á markað á EES í tómskundaskyni útilokar það ekki að það falli undir gildissvið reglugerðarinnar þó að nota mætti farið til leiguflutninga eða til þjálfunar í íþrótt- og tómskundaskyni.

###### 3. gr.

###### Skilgreiningar.

Í reglugerðinni er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Tilskipunin*: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB frá 20. nóvember 2013 um skemmtibáta og einmenningsför og um niðurfellingu á tilskipun 94/25/EB.
2. *Far*: skemmtibátar eða einmenningsför.
3. *Skemmtibátur*: allar tegundir fara, að undanskildum einmenningsförum, sem eru ætluð til íþróttar og tómskunda, óháð knúningsmáta, sem eru með bollengd frá 2,5 m til 24 m.
4. *Einmenningsfar*: far, ætlað til íþróttar og tómskunda, undir 4 m að bollengd, búið knúningsvél með vatnsgeisladælu sem helsta knúningsafli og sem reiknað er með að einn eða fleiri einstaklingar stýri, sitjandi, standandi eða krjúpandi, á eða innan marka bols farsins.
5. *Far sem er smíðað til eigin nota*: far sem er að mestu leyti smíðað af framtíðarnotanda þess til eigin nota,
6. *Grunnkröfur um öryggi*: Kröfur sem mælt er fyrir um í 4. gr. og I. viðauka við reglugerð þessa.
7. *Knúningsvél*: Allar brunavélar með neista- eða þjöppukveikju, sem eru notaðar beint eða óbeint sem knúningsafl,

8. *Umtalsverð breyting á vél*: Breyting á vél sem kann að valda því að vélin fari yfir losunarmörkin, sem gefin eru upp í B-hluta I. viðauka, eða eykur nafnafl vélarinnar um meira en 15%,
9. *Umtalsverð breyting á fari*: Breyting á fari, sem hefur í för með sér breytingu á aðferð við að knýja farið áfram, felur í sér umtalsverða breytingu á vél eða breytir farinu það mikið að það uppfyllir mögulega ekki lengur gildandi grunnkröfur þessarar reglugerðar um öryggi og umhverfi,
10. *Knúningsaðferð*: aðferð sem notuð er til að knýja far á sjó áfram,
11. *Flokkur véla*: Flokkun framleiðanda á vélum sem, með tilliti til hönnunar þeirra, hafa svipuð einkenni hvað varðar losun með útblæstri eða hávaðamengun,
12. *Bollengd*: lengd bols sem er mæld í samræmi við samhæfðan staðal,
13. *Að bjóða fram á markaði*: öll afhending vöru til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði EES meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,
14. *Að setja á markað*: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði EES,
15. *Að taka í notkun*: fyrsta skipti sem vara, sem fellur undir reglugerðina, er notuð af endanlegum notanda innan EES,
16. *Framleiðandi*: Einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vöru eða lætur framleiða eða hanna slíka vöru og setur vöruna á markað undir sínu nafni eða vörumerki,
17. *Viðurkenndur fulltrúi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á EES sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,
18. *Innflytjandi*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan EES sem setur vöru frá þriðja landi á markað Evrópska efnahagssvæðisins,
19. *Aðili sem flytur inn til einkanota*: Einstaklingur eða lögaðili með staðfestu á EES sem flytur vöru frá þriðja landi inn á EES í tengslum við starfsemi sem ekki er í atvinnuskyni, í því skyni að hafa vöruna til einkanota,
20. *Dreifingaraðili*: Einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður vöru fram á markaði,
21. *Rekstraráðilar*: Framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,
22. *Samhæfður staðall*: Evrópustaðall sem samþykktur er á grundvelli beiðni framkvæmdastjórnarinnar vegna beitingar samhæfingarlöggjafar EES,
23. *Faggilding*: Staðfesting frá Einkaleyfastofu um að samræmismatsaðili uppfylli kröfurnar sem eru settar fram í samhæfðum staðli og, þar sem við á, allar viðbótarkröfur, þ.m.t. þær sem settar eru fram í viðeigandi atvinnugreinakerfum, til að annast sérstakt samræmismat,
24. *Samræmismat*: Ferli sem sýnir fram á hvort kröfur þessarar reglugerðar í tengslum við vöru hafi verið uppfylltar,
25. *Samræmismatsstofa*: Stofa sem annast samræmismat, þ.m.t. kvörðun, prófun, vottun og eftirlit,
26. *Innköllun*: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að vöru, sem þegar er aðgengileg endanlegum notanda, sé skilað til baka,
27. *Vara tekin af markaði*: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að vara í aðfangakeðjunni sé boðin fram á markaði,
28. *Markaðseftirlit*: Sú starfsemi sem opinber yfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að vörur uppfylli viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf EES, og stofni ekki í hættu heilbrigði, öryggi eða öðrum þáttum er varða hagsmuni almennings,

29. *CE-merkið*: Merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að varan sé í samræmi við gildandi kröfur, sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf EES, þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins.

4. gr.

*Grunnkröfur um öryggi.*

1. Vörurnar, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., má aðeins bjóða fram á markaði eða taka í notkun ef þær stofna ekki heilbrigði og öryggi fólks, eignum eða umhverfinu í hættu þegar þeim er viðhaldið með réttum hætti og þær notaðar eins og ætlast er til og aðeins ef þær uppfylla gildandi grunnkröfur skv. I. viðauka.

2. Óheimilt er að bjóða fram á markaði eða taka í notkun vörur sem ekki uppfylla 1. mgr.

5. gr.

*Frjáls flutningur.*

1. Óheimilt er að hindra frjálsa flutninga fara og annarra vara sem uppfylla ákvæði reglugerðarinnar í samræmi við meginreglur EES-samningsins.

2. Um frjálsan flutning fara og annarra vara samkvæmt reglugerðinni gildir að öðru leyti 6. gr. tilskipunarinnar.

## II. KAFLI

### **Skyldur rekstraraðila og aðila sem flytja inn vörur til einkanota.**

6. gr.

*Skyldur framleiðanda.*

1. Þegar framleiðandi setur vöru á markað skal hann tryggja að hún hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við grunnkröfur um öryggi.

2. Til viðbótar 1. mgr. skal framleiðandi:

- a. útbúa tæknigögn, sbr. 21. gr.,
- b. framkvæma, eða láta framkvæma samræmismat, sbr. 18. gr.,
- c. gera yfirlýsingu, sbr. 14. gr.,
- d. merkja og festa CE-merkið á vöru, sbr. 16. og 17. gr.,
- e. varðveita tæknigögnin og afrit af yfirlýsingunni í tíu ár eftir að vara er sett á markað,
- f. tryggja að aðferðir séu til staðar til að samræmi haldist í raðframleiðslu, með tilliti til breytinga á hönnun eða eiginleikum vöru og breytinga á samhæfðum stöðlum sem lýst er yfir að samræmi vöru miðist við,
- g. tryggja að á vöru sé gerðar-, framleiðslueiningar- eða raðnúmer eða annað, sem gerir kleift að bera kennsl á vöruna, eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eðlis íhluta, að tilskildar upplýsingar séu veittar á umbúðunum eða í skjali sem fylgir vörunni,
- h. tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, á vörunni eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í fylgiskjali,
- i. tryggja að vörunni fylgi leiðbeiningar og öryggisupplýsingar í notendahandbók á íslensku.

3. Ef talið verður að vara geti haft í för með sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi neytenda skal framleiðandi framkvæma úrtaksprófun og rannsókn á eintökum vörunnar þar sem hún er boðin fram á markaði. Ef nauðsyn krefur vegna hagsmuna neytenda skal

framleiðandi halda skrá yfir kvartanir, vörur sem uppfylla ekki kröfur og innköllun vara. Framleiðandi skal veita dreifingaraðila upplýsingar um alla slíka vöktun.

4. Framleiðandi, sem telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara, sem hann hefur sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð, skal tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að varan verði í samræmi við kröfur, til að taka hana af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af vörunni skal framleiðandi enn fremur upplýsa Samgöngustofu þar um án tafar, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Framleiðandi skal, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Samgöngustofu, afhenda allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á samræmi vöru, á íslensku, ensku eða Norðurlandamálum, þó ekki finnsku. Hann skal hafa samvinnu við Samgöngustofu að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af vöru sem hann hefur sett á markað.

#### 7. gr.

##### *Viðurkenndir fulltrúar.*

Framleiðanda er heimilt að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði. Um umboð viðurkennds fulltrúa og takmörk umboðs gildir 8. gr. tilskipunarinnar.

#### 8. gr.

##### *Skyldur innflytjanda.*

1. Innflytjandi má aðeins setja vöru, sem uppfyllir kröfur samkvæmt þessari reglugerð, á markað EES.

2. Áður en innflytjandi setur vöru á markað skal hann tryggja eftirfarandi:

- a. að framleiðandi hafi útbúið tæknigögnin, sbr. a-lið 2. mgr. 6. gr.,
- b. að framleiðandi hafi framkvæmt eða látið framkvæma samræmismat, sbr. b-lið 2. mgr. 6. gr.,
- c. að framleiðandi hafi merkt og fest CE-merkið á vöru, sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr.,
- d. að vörunni fylgi yfirlýsing sbr. c-lið 2. mgr. 6. gr. og notendahandbók sbr. h-lið 2. mgr. 6. gr.,
- e. að framleiðandi hafi merkt vöruna með gerðar-, framleiðslueiningar- eða raðnúmeri eða öðru, sem gerir kleift að bera kennsl á vöruna eða veitt tilskildar upplýsingar á umbúðum eða í fylgiskjali, sbr. f-lið 2. mgr. 6. gr.,
- f. að framleiðandi hafi tilgreint nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, á vörunni eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í fylgiskjali, sbr. g-lið 2. mgr. 6. gr.

3. Innflytjandi skal:

- a. tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við hann, á vörunni eða, ef það er ekki hægt, á umbúðunum eða í fylgiskjali,
- b. tryggja að vörunni fylgi leiðbeiningar og öryggisupplýsingar í notendahandbók á íslensku,
- c. tryggja að á meðan vara er á hans ábyrgð að geymslu- og flutningsskilyrði tefli ekki í tvísýnu samræmi þess við grunnkröfur um öryggi,
- d. varðveita afrit af yfirlýsingunni, sem um getur í 14. gr., í tíu ár eftir að varan hefur verið sett á markað og hafa það tiltækt fyrir Samgöngustofu og tryggja að stofnunin geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað.

4. Ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara uppfylli ekki grunnkröfur um öryggi, skal hann ekki setja vöruna á markað fyrir en hún hefur verið færð til samræmis við kröfur. Ef áhætta stafar af vörunni skal innflytjandi enn fremur upplýsa framleiðanda og Samgöngustofu þar um.

5. Ef talið verður að vara geti haft í för með sér áhættu fyrir heilbrigði og öryggi neytenda skal innflytjandi framkvæma úrtakspröfun og rannsókn á eintökum vörunnar á markaði. Ef nauðsyn krefur vegna hagsmuna neytenda skal innflytjandi halda skrá yfir kvartanir, vörur sem uppfylla ekki kröfur og innköllun vara. Innflytjandi skal veita dreifingaraðila upplýsingar um slíka vöktun.

6. Innflytjandi, sem telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara, sem hann hefur sett á markað, samrýmist ekki þessari reglugerð, skal tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem eru nauðsynlegar til að varan samrýmist kröfum, til að taka hana af markaði eða innkalla hana, ef við á. Ef áhætta stafar af vörunni skal innflytjandi enn fremur upplýsa Samgöngustofu án tafar, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

7. Innflytjandi skal, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Samgöngustofu, afhenda allar upplýsingar og skjöl, sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að varan sé í samræmi við tilskildar kröfur, á íslensku, ensku eða Norðurlandamálum, þó ekki finnsku. Hann skal hafa samvinnu við Samgöngustofu, að beiðni þess, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af vörum sem hann hefur sett á markað.

#### 9. gr.

##### *Skyldur dreifingaraðila.*

1. Þegar dreifingaraðili býður vöru fram á markaði skal hann gæta þess vandlega að varan sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar.

2. Áður en dreifingaraðili býður vöru fram á markaði skal hann tryggja:

- a. að hún beri CE-merkið, sbr. 16. og 17. gr.,
- b. að henni fylgi yfirlýsing skv. 14. gr.,
- c. að henni fylgi leiðbeiningar og öryggisupplýsingar í notendahandbók á íslensku,
- d. að framleiðandi og innflytjandi hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í g-lið 2. mgr. 6. gr. og a-lið 3. mgr. 8. gr.
- e. tryggja að á meðan vara er á hans ábyrgð að geymslu- og flutningsskilyrði tefli ekki í tvísýnu samræmi þess við grunnkröfur um öryggi,

3. Ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara uppfylli ekki grunnkröfur um öryggi skal hann ekki bjóða vöruna fram á markaði fyrir en hún hefur verið færð til samræmis við þær kröfur. Ef áhætta stafar af vörunni skal dreifingaraðilinn enn fremur upplýsa framleiðanda eða innflytjanda, ásamt Samgöngustofu, þar um.

4. Dreifingaraðili sem telur eða hefur ástæðu til að ætla að vara, sem hann hefur boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við þessa reglugerð skal ganga úr skugga um að gerðar séu þær ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að færa vöruna til samræmis, til að taka hana af markaði eða innkalla, ef við á. Ef áhætta stafar af vörunni skal dreifingaraðili enn fremur upplýsa Samgöngustofu án tafarþar um, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum og um allar ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta.

5. Dreifingaraðili skal, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá Samgöngustofu, afhenda allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi vörunnar. Hann skal hafa samvinnu við Samgöngustofu, að beiðni stofnunarinnar, að því er varðar allar aðgerðir sem beitt er til að útiloka áhættu sem stafar af vörum sem hann hefur boðið fram á markaði.

## 10. gr.

*Yfirfærsla á skyldum framleiðanda til innflytjanda og dreifingaraðila.*

Við framkvæmd þessarar reglugerðar skal innflytjandi eða dreifingaraðili hafa sömu skyldur og framleiðandi skv. 6. gr. þegar innflytjandi eða dreifingaraðili setur vöru á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á vöru, sem þegar hefur verið sett á markað, þannig að breytingin kann að hafa áhrif á samræmi hennar við kröfur reglugerðarinnar.

## 11. gr.

*Skyldur aðila sem flytja inn til einkanota.*

1. Ef framleiðandi ábyrgist ekki að varan sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar skal aðili, sem flytur inn til einkanota, tryggja, áður en hann tekur vöruna í notkun, að varan hafi verið hönnuð og framleidd í samræmi við grunnkröfur um öryggi og skal hann sinna þeim skyldum framleiðanda, eða sjá til þess að þeim sé sinnt, sem settar eru fram í a-e. lið og i-lið 2. mgr. og 5. mgr. 6. gr.

2. Ef tilskilin tæknigögn eru ekki tiltæk hjá framleiðanda skal aðili, sem flytur inn til einkanota, láta taka þau saman með notkun viðeigandi sérþekkingar.

3. Aðili, sem flytur inn til einkanota, skal tryggja að á vörunni komi fram nafn og heimilisfang tilkynnta aðilans sem annaðist samræmismat vörunnar.

## 12. gr.

*Tilgreining rekstraraðila.*

1. Rekstraraðilar skulu, samkvæmt beiðni, greina Samgöngustofu frá eftirfarandi aðilum:
  - a. öllum rekstraraðilum sem hafa afhent þeim vöru,
  - b. öllum rekstraraðilum sem þeir hafa afhent vöru.
2. Rekstraraðilar skulu geta lagt fram upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., í tíu ár eftir að þeim hefur verið afhent vara og í tíu ár eftir að þeir hafa afhent vöru.
3. Aðilar, sem flytja inn til einkanota skulu, samkvæmt beiðni, greina Samgöngustofu frá því hvaða rekstraraðili afhenti þeim vöruna.
4. Aðilar, sem flytja inn til einkanota skulu geta lagt fram upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., í tíu ár eftir að þeim hefur verið afhent vara.

## III. KAFLI

**Samræmi vöru við tilskildar kröfur.**

## 13. gr.

*Samræmi við samhæfða staðla.*

Gengið skal út frá því að vörur, sem eru í samræmi við samhæfða staðla eða hluta þeirra, þar sem tilvísanir í þá hafa verið birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, samræmist þeim kröfum sem falla undir þessa staðla eða hluta þeirra í samræmi við grunnkröfur um öryggi.

## 14. gr.

*ESB-samræmisýfirlýsing og yfirlýsing í samræmi við III. viðauka.*

1. ESB-samræmisýfirlýsing skal vera yfirlýsing um að sýnt hafi verið fram á að grunnkröfur um öryggi eða þær kröfur sem um getur í b- eða c-lið 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisýfirlýsing skal byggð upp eins og fyrirmyndin, sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð, og innihalda þá þætti sem tilgreindir eru í viðeigandi

aðferðareiningum, sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB, sem og í V. viðauka við þessa reglugerð, og skal stöðugt uppfærð. Hún skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamálum, þó ekki finnsku.

3. Með því að gera ESB-samræmisýfirlýsingu ábyrgist framleiðandi, aðili sem flytur inn til einkanota, eða einstaklingurinn sem breytir vélinni, sem um getur í b- og c-lið 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, samræmi vörunnar.

4. ESB-samræmisýfirlýsingin, sem um getur í 3. mgr., skal fylgja eftirfarandi vörum þegar þær eru boðnar fram á markaði eða teknar í notkun:

- a. förum,
- b. íhlutum, þegar þeir eru settir sér á markað,
- c. knúningsvélum.

5. Yfirlýsing framleiðandans eða innflytjandans, sem sett er fram í III. viðauka fyrir hálfsmíðað far, skal innihalda þættina sem tilgreindir eru í þeim viðauka og skal fylgja hálfsmíðuðu fari. Hún skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamálum, þó ekki finnsku.

#### 15. gr.

##### *Meginreglur um CE-merkið.*

Um CE-merkið gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008, frá 9. júlí 2008, um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93, sem innleidd var hér á landi með reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl.

#### 16. gr.

##### *Vörur sem merkja á með CE-merkinu.*

1. Eftirfarandi vörur skulu merktar með CE-merkinu þegar þær eru boðnar fram á markaði eða teknar í notkun:

- a. för,
- b. íhlutir,
- c. knúningsvélar.

2. Ganga skal út frá því að vörurnar, sem um getur í 1. mgr., og bera CE-merkið séu í samræmi við þessa reglugerð.

#### 17. gr.

##### *CE-merkið fest á vöru.*

1. Festa skal CE-merkið á vörurnar, sem um getur í 1. mgr. 16. gr., þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt. Ef um er að ræða íhluti þar sem þessu verður ekki við komið eða það er ástæðulaust vegna stærðar eða eðlis vörunnar skal festa merkið á umbúðir og fylgiskjöl vörunnar. Ef um er að ræða far skal festa CE-merkið á auðkennisplötu framleiðanda farsins á, aðskilið frá kenninúmeri farsins. Ef um er að ræða knúningsvél skal festa CE-merkið á vélina.

2. CE-merkið skal fest á áður en varan er sett á markað eða tekin í notkun. Á eftir CE-merkinu og kenninúmerinu, sem um getur í 3. mgr., getur fylgt tákmynd eða annað merki sem gefur til kynna sérstaka áhættu eða notkun.

3. Á eftir CE-merkinu skal setja kenninúmer tilkynntu stofunnar, ef hún tekur þátt í eftirlitsþætti framleiðslunnar eða matinu sem fram fer að lokinni smíði.

4. Tilkynnta stofan skal sjálf sjá um að festa kenninúmer sitt á, að öðrum kosti skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans eða einstaklingurinn, sem um getur í 2., 3. eða 4. mgr. 18. gr., sjá um það samkvæmt fyrirmælum stofunnar.

#### IV. KAFLI Samræmismat.

18. gr.

*Gildandi samræmismatsaðferðir.*

1. Áður en framleiðandi setur vöru á markað, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skal hann beita aðferðunum sem settar eru fram í aðferðareiningunum, sem um getur í viðauka IA við reglugerð þessa.

2. Áður en aðili sem flytur inn til einkanota tekur í notkun vöru, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skal hann beita aðferðinni sem um getur í 20. gr. ef framleiðandi hefur ekki framkvæmt samræmismat fyrir viðkomandi vöru.

3. Allir þeir sem setja á markað eða taka í notkun knúningsvél eða far, sem búið er að lagfæra eða gera umtalsverða breytingu á, eða þeir sem breyta fyrirhugaðri notkun fars, sem fellur ekki undir þessa reglugerð, með þeim hætti að farið mun falla undir gildissvið hennar, skulu beita aðferðinni sem um getur í 20. gr., áður en vara er sett á markað eða tekin í notkun.

4. Allir þeir sem setja á markað far, sem þeir hafa smíðað til eigin nota fyrir lok fimm ára tímabilsins, sem um getur í vii-lið a-liðar 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, skulu beita aðferðinni, sem um getur í 20. gr., áður en varan er sett á markað.

19. gr.

*Kröfur til hönnunar og smíði, losunar með útblæstri, hávaðamengunar og viðbótarkröfur.*

1. Um hönnun og smíði skemmtibáta gilda kröfur 1. gr. viðauka IA við reglugerð þessa.
2. Um losun með útblæstri gilda kröfur 2. gr. viðauka IA við reglugerð þessa.
3. Um hávaðamengun gilda kröfur 3. gr. viðauka IA við reglugerð þessa.
4. Um viðbótarkröfur fer samkvæmt 4. gr. viðauka IA við reglugerð þessa.

20. gr.

*Mat sem fer fram að lokinni smíði.*

Matið sem fer fram að lokinni smíði, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr. 18. gr., skal framkvæmt eins og sett er fram mælt er fyrir um í V. viðauka.

21. gr.

*Tæknigögn.*

1. Tæknigögnin, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skulu innihalda öll viðeigandi gögn og upplýsingar um þær aðferðir sem framleiðandinn notar til að tryggja að varan uppfylli grunnkröfur um öryggi. Einkum skulu þar vera skjölin sem talin eru upp í IX. viðauka.

2. Tæknigögnin skulu tryggja að auðvelt sé að skilja hönnun, smíði, virkni og mat á samræmi vörunnar við tilskildar kröfur.

#### V. KAFLI Um tilkynnta samræmismatsaðila.

22. gr.

*Tilkynntur aðili, o.fl.*



1. Um tilkynningu samræmismatsaðila og eftirlit með þeim fer eftir lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., með síðari breytingum.

2. Skilyrði fyrir tilkynningu er að samræmismatsaðili uppfylli þau skilyrði sem mælt er fyrir um í X. viðauka við reglugerð þessa.

3. Gengið skal út frá því að samræmismatsaðili, sem sýnir fram á samræmi við viðmiðanir sem mælt er fyrir um í viðeigandi samhæfðum stöðlum eða hluta þeirra og tilvísun í þá hefur verið birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru í X viðauka við reglugerð þessa, að svo miklu leyti sem gildandi samhæfðir staðlar ná yfir þær kröfur.

#### 23. gr.

##### *Dótturfélög og undirverktakar tilkynntra aðila.*

1. Tilkynntur aðili sem, með heimild viðskiptavinar, felur undirverktaka verkefni í tengslum við samræmismat eða leitar til dótturfélags, skal tryggja að undirverktakinn eða dótturfélagið uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í X viðauka við reglugerð þessa.

2. Tilkynntur aðili ber fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktaki eða dótturfélagið framkvæma, án tillits til staðsetningar.

3. Um eftirlit með dótturfélögum og undirverktökum tilkynntra aðila fer eftir lögum nr. 24/2006, um faggildingu o.fl., með síðari breytingum.

#### 24. gr.

##### *Skyldur tilkynntra aðila.*

1. Tilkynntur aðili skal framkvæma samræmismat í samræmi við samræmismatsaðferðina sem mælt er fyrir um í viðauka IA.

2. Tilkynntur aðili skal við samræmismatið gæta þess að leggja ekki ónauðsynlegar byrðar á rekstraraðila og aðila sem flytja inn til einkanota. Hann skal taka tilhlýðilegt tillit til stærðar rekstraraðila, starfsumhverfis hans og skipulags, hversu flókin framleiðslutækni er notuð og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða. Þó skal þess gætt að ekki sé dregið úr nákvæmni og umfangi þeirrar verndar sem nauðsynleg er til að varan uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

3. Tilkynntur aðili, sem telur að framleiðandi hafi ekki uppfyllt grunnkröfur um öryggi eða samsvarandi samhæfðan staðal, skal krefjast þess að framleiðandi grípi til viðeigandi ráðstafana til úrbóta. Tilkynntur aðili skal ekki gefa út EB-gerðarprófunarvottorð fyrr en framleiðandi hefur uppfyllt þær kröfur.

4. Ef tilkynntur aðili kemst að þeirri niðurstöðu, við vöktun á því að samræmis sé gætt í kjölfar útgáfu á vottorði, að vara uppfylli ekki lengur ákvæði skal hún krefjast þess að framleiðandi geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta og skal fella vottorðið tímabundið úr gildi eða afturkalla það ef nauðsyn krefur.

5. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til úrbóta eða þær hafa ekki tilskilin áhrif skal tilkynnta stofan takmarka vottorðin, fella þau tímabundið úr gildi eða afturkalla þau, eins og við á.

#### 25. gr.

##### *Upplýsingaskylda tilkynntra aðila.*

1. Tilkynntur aðili skal upplýsa Einkaleyfastofu um eftirfarandi:

- tilvik þar sem EB-gerðarprófunarvottorði er synjað,
- aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilkynningar og skilyrði fyrir henni,
- beiðni sem þeim berst frá stjórnvöldum um upplýsingar vegna samræmismatsstarfsemi,

d. ef óskað er eftir því, samræmismatsstarfsemi sem hefur farið fram innan gildissvið tilkynningar aðila og alla aðra starfsemi sem hefur farið fram, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undiverktakastarfsemi.

2. Tilkynntur aðili skal veita öðrum tilkynntum aðilum skv. þessari reglugerð og annast sambærilega samræmismatsstarfsemi á sömu vörum, viðeigandi upplýsingar um mál er varða neikvæðar og, sé þess óskað, jákvæðar niðurstöður samræmismats.

## VI. KAFLI

### Lokaákvæði og gildistaka.

26. gr.

#### *Framkvæmd þessarar reglugerðar.*

1. Samgöngustofa annast framkvæmd og eftirlit þessarar reglugerðar að undanskildum V. kafla. Faggildingarsvið Einkaleyfastofu annast framkvæmd og eftirlit V. kafla. Um skipulag og framkvæmd eftirlits með vörum sem falla undir reglugerð þessa fer skv. 3. mgr. 15. gr. og 16.-29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, sbr. reglugerð nr. 566/2013.

2. Um málsmeðferð, ákvarðanir og réttarræði Samgöngustofu fer skv. lögum nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum og lögum nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála, með síðari breytingum.

27. gr.

#### *Hættulegar vörur.*

1. Ef Samgöngustofa hefur ástæðu til að ætla að vara, sem fellur undir þessa reglugerð, skapi áhættu fyrir heilbrigði eða öryggi fólks eða fyrir eignir eða umhverfið, skal stofnunin framkvæma mat á viðkomandi vöru sem tekur til allra krafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi rekstraraðilar eða aðilinn sem flytur inn til einkanota skulu hafa samvinnu við Samgöngustofu eins og nauðsyn krefur.

2. Um matið og aðgerðir í kjölfar þess og málsmeðferð fer skv. ákvæðum 44. gr. tilskipunarinnar.

28. gr.

#### *Formlegar kröfur ekki uppfylltar.*

1. Án þess að hafa áhrif á 23. gr. skal Samgöngustofa, komist hún að einni af eftirfarandi niðurstöðum, krefjast þess að viðkomandi rekstraraðili eða aðili sem flytur inn til einkanota ráði bót á eftirfarandi ósamræmi við kröfur:

- a. að CE-merkið hafi verið fest á með þeim hætti að það brjóti gegn 15., 16. eða 17. gr.,
- b. að CE-merkið, sem um getur í 15. gr., hafi ekki verið fest á,
- c. að ESB-samræmisýfirlýsingin eða yfirlýsingin, sem um getur í III. viðauka, hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,
- d. að ESB-samræmisýfirlýsingin eða yfirlýsingin, sem um getur í III. viðauka, hafi ekki verið útbúin með réttum hætti,
- e. að tæknigögnin séu annaðhvort ekki tiltæk eða ekki tæmandi,
- f. að upplýsingarnar, sem um getur í 6. mgr. 6. gr. eða 3. mgr. 8. gr., vanti, séu rangar eða ófullnægjandi,
- g. að aðrar kröfur, sem kveðið er á um í 6. eða 8. gr., séu ekki uppfylltar.

2. Sé enn um að ræða tilvik, sem um getur í 1. mgr., þar sem kröfur eru ekki uppfylltar skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að takmarka eða banna að varan sé boðin fram á markaði eða tryggja að hún sé afturkölluð eða tekin af markaði, eða ef um er að ræða vöru

sem er flutt inn af aðila, sem flytur inn til einkanota, að notkun hennar sé bönnuð eða takmörkuð.

## 29. gr.

*Rökstuðningur ákvarðana.*

Allar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þessarar reglugerðar og hafa í för með sér takmarkanir á markaðssetningu eða heimild til að nota skemmtibáta og aðrar vörur sem falla undir gildissvið reglugerðar þessarar samkvæmt 1. mgr. 2. gr., skulu rökstuddar. Hlutaðeigandi aðila skal tilkynnt án tafar um slíka ákvörðun og honum um leið kynnt þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér og um þann frest sem hann hefur til þess.

## 30. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 29. gr. laga nr. 47/2003, um eftirlit með skipum, með síðari breytingum.

## 31. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari eru innleidd ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/53/ESB frá 20. nóvember 2013 um skemmtibáta og einmenningsför og um niðurfellingu á tilskipun 94/25/EB.

## 32. gr.

*Gildistaka og lagastoð.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. og 4. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, öðlast þegar gildi.

Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi eldri reglugerð um skemmtibáta nr. 168/1997, ásamt síðari breytingum, sbr. reglugerðir nr. 708/2000 og 1045/2005. Jafnframt fellur tilskipun 94/25/EB úr gildi frá og með 18. janúar 2016.

*Innanríkisráðuneytinu.*

**ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA****I.**

Ekki skal hindra að vörur sem falla undir tilskipun 94/25/EB og eru í samræmi við þá tilskipun og voru settar á markað eða teknar í notkun fyrir 18. janúar 2017, séu boðnar fram á markaði eða teknar í notkun.

Ekki skal hindra að boðnar verði fram á markaði eða teknar verði í notkun utanborðsknúningsvélar með neistakveikju, sem hafa afl sem nemur 15 kW eða minna, sem eru í samræmi við viðmiðunarmörk I. áfanga fyrir losun með útblæstri, sem mælt er fyrir um í lið 2.1 í B-hluta I. viðauka, og sem voru framleiddar af litlum og meðalstórum fyrirtækjum, eins og skilgreint er í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB, og settar á markað fyrir 18. janúar 2020.

Drög til kynningar

## I. VIÐAUKI Grunnkröfur

### A. Grunnkröfur um hönnun og smíði varanna sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

#### 1. HÖNNUNARFLOKKAR FYRIR FÖR

Hönnunarflokkur	Vindstyrkur (á Beaufort-kvarða)	Hæð kenniöldu (H 1/3, metrar)
A	meira en 8	hærri en 4
B	8 eða minna	4 eða lægri
C	6 eða minni	2 eða lægri
D	4 eða minna	0,3 eða lægri

#### Skýringar:

- Skemmtibátur í hönnunarflokki A telst vera hannaður fyrir vindstyrk sem getur mælst meira en 8 vindstig (á Beaufort-kvarða) og hæð kenniöldu sem er 4 m eða hærri, burtséð frá óvenjulegum aðstæðum, eins og t.d. roki, ofsaveðri, fárviðri, skýstrokki og óvenjulegu sjólagi eða brotsjóum.
- Skemmtibátur í hönnunarflokki B telst vera hannaður fyrir vindstyrk sem getur mælst 8 vindstig eða minna og hæð kenniöldu 4 m eða lægri.
- Far í hönnunarflokki C telst vera hannað fyrir vindstyrk sem getur mælst 6 vindstig eða minna og hæð kenniöldu 2 m eða lægri.
- Far í hönnunarflokki D telst vera hannað fyrir vindstyrk sem getur mælst 4 vindstig eða minna og hæð kenniöldu 0,3 m eða lægri, með stöku öldum sem ná 0,5 m hámarkshæð.
- För í hverjum hönnunarflokki verða að vera hönnuð og smíðuð þannig að þau standist þessar færðreytur að því er varðar stöðugleika, uppdrif og aðrar viðeigandi grunnkröfur, sem eru taldar upp í þessum viðauka, og að þau hafi góða stjórnunarhæfni.

#### 2. ALMENNAR KRÖFUR

##### 2.1 Auðkenni fara

Á öllum förum skal vera kenninúmer ásamt eftirfarandi upplýsingum:

- landskóða framleiðanda,
- sérstökum kóða framleiðanda sem yfirvald aðildarríkis úthlutar,
- sérstöku raðnúmeri,
- framleiðslumánuði og -ári,
- árgerð.

Ítarlegar kröfur um kenninúmerið, sem um getur í 1. mgr., eru settar fram í viðeigandi samhæfðum staðli.

##### 2.2 Auðkennisplata framleiðanda fars

Á öllum förum skal vera varanlega fest plata, sem er uppsett á öðrum stað en kenninúmer farsins er að finna, þar sem a.m.k. eftirfarandi upplýsingar eru tilgreindar:

- nafn framleiðanda, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki ásamt heimilisfangi þar sem má ná í hann,
- CE-merki, eins og kveðið er á um í 16. gr.,
- hönnunarflokkur fyrir far í samræmi við 1. lið,
- hámarksfarmur, sem framleiðandi mælir með í samræmi við lið 3.6, að undanskilinni þyngd innihalds föstu tankanna þegar þeir eru fullir,
- fjöldi einstaklinga sem farið er hannað fyrir samkvæmt tilmælum framleiðanda.

Ef um er að ræða mat sem fram fer að lokinni smíði skulu samskiptaupplýsingarnar og kröfurnar, sem um getur í a-lið, einnig innihalda upplýsingar um tilkynntu stofuna sem hefur framkvæmt samræmismatið.

### 2.3 Vernd gegn því að fólk falli útbyrðis og búnaður til að komast aftur um borð

Far skal hannað þannig að lágmarkshætta sé á að fólk falli útbyrðis og þannig að auðvelt sé að komast aftur um borð. Einstaklingur sem er í sjónum skal hafa aðgang að eða geta notað búnaðinn til að komast aftur um borð án þess að þurfa aðstoð.

### 2.4 Útsýni frá aðalstjórnstað

Frá aðalstjórnstað skemmtibáts skal stjórnandi hans hafa gott útsýni til allra átta við venjuleg notkunarskilyrði (hraði og hleðsla).

### 2.5 Notendahandbók

Hverri vöru skal fylgja notendahandbók í samræmi við 7. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 8. gr. Í þessari handbók skulu vera allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir örugga notkun vörunnar, og skal athyglinni sérstaklega beint að uppsetningu, viðhaldi, venjulegri notkun, forvörnum vegna áhættu og áhættustýringu.

## 3. KRÖFUR UM ÞÉTTLEIKA OG STYRK BURÐARVIRKIS BOLS

### 3.1 Burðarvirki

Efnisval og -samsetning ásamt smíðinni skal tryggja að far sé traust að öllu leyti. Sérstaka athygli skal veita hönnunarflokkinum skv. 1. lið og hámarksfarmi sem framleiðandi mælir með í samræmi við lið 3.6.

### 3.2. Stöðugleiki og fríborð

Far skal hafa nægilegan stöðugleika og nægilegt fríborð miðað við hönnunarflokk sinn í samræmi við 1. lið og hámarkshleðslu sem framleiðandi mælir með í samræmi við lið 3.6.

### 3.3. Uppdrif og flot

Far skal vera þannig smíðað að tryggt sé að það hafi uppdrifseiginleika, sem eru viðeigandi fyrir hönnunarflokkinn í samræmi við 1. lið, og hámarkshleðslu sem framleiðandi mælir með í samræmi við lið 3.6. Allir íbúðarhæfir, fjölskrokka skemmtibátar, sem hættir til að hvolfa, skulu hafa nægilegt uppdrif til að geta flotið á hvolfi.

Far, sem er styttra en 6 m og hefur tilhneingingu til að borðfyllast þegar það er notað í sínum hönnunarflokki, skal útbúið með viðeigandi flotbúnaði í borðfylltu ástandi.

### 3.4. Op á bol, þilfari og yfirbyggingu

Op á bol, þilfari og yfirbyggingu fars skulu ekki draga úr styrk burðarvirkis eða veðurþéttni þess þegar það er lokað.

Gluggar, kýraugu, hurðir og lestarlúgur skulu standast vatnsþrýsting sem þau verða fyrir vegna sérstakrar staðsetningar ásamt staðbundnum þunga einstaklinga sem ganga um þilfarið.

Gegnumtök á bol, sem hönnuð eru þannig að hægt sé að hleypa vatni inn í eða út úr bol fyrir neðan sjólínu, sem samsvarar þeirri hámarkshleðslu sem framleiðandi mælir með, samkvæmt lið 3.6, skulu hafa lokunarþúnað sem auðvelt er að komast að.

### 3.5. Innflæði vatns

Öll för skulu hönnuð þannig að sem minnst hætta sé á að þau sökkvi.

Þar sem við á skal veita eftirfarandi sérstaka athygli:

- stjórnklefum og brunnum, sem ættu að vera sjálfstæmandi eða hafa annan búnað til að hindra að vatn komist inn í farið,
- loftræstiopum,
- frádælingu vatns með dælum eða öðrum búnaði.

### 3.6. Hámarkshleðsla samkvæmt tilmælum framleiðanda

Hámarkshleðsla, samkvæmt tilmælum framleiðanda (í kílógrömmum), af eldsneyti, vatni, birgðum, ýmis konar búnaði og fólki, sem far á er hannað fyrir, skal ákvörðuð í samræmi við hönnunarflokkinn (1. lið), stöðugleika og fríborð (lið 3.2) og uppdrif og flot (lið 3.3).

### 3.7. Geymsla björgunarfleka

Allir skemmtibátar í hönnunarflokki A og B og skemmtibátar í hönnunarflokki C og D, sem eru lengri en 6 m, skulu hafa einn eða fleiri geymslustaði fyrir einn eða fleiri björgunarfleka, sem eru nógu stórir til að rúma þann fjölda fólks sem skemmtibáturinn var hannaður fyrir í samræmi við tilmæli framleiðanda. Geymslustaður eða geymslustaðir fyrir björgunarfleka skulu ávallt vera aðgengilegir.

### 3.8. Neyðarútgangar

Allir íbúðarhæfir, fjölskrokka skemmtibátar skulu hafa neyðarútganga sem hægt er að nota ef bátnum hvolfir. Ef til staðar er neyðarútgangur, sem nota á ef bátnum hvolfir, skal hann ekki skerða styrk burðarvirkis (liður 3.1), stöðugleika (liður 3.2) eða uppdrifi (liður 3.3), óháð því hvort skemmtibáturinn er í réttri stöðu eða á hvolfi.

Allir íbúðarhæfir, fjölskrokka skemmtibátar skulu hafa neyðarútganga sem hægt er að nota ef eldur kemur upp.

### 3.9. Lega við akkeri, lega við bryggju og tog

Öll för, að teknu tilliti til hönnunarflokks þeirra og eiginleika, skulu búin einum eða fleiri styrktum festipunktum eða öðrum búnaði, sem stenst álagið þegar þau liggja við akkeri, við bryggju eða dufl, eru í togi eða toga annað far.

## 4. STJÓRNUNAREIGINLEIKAR

Framleiðandinn skal tryggja að stjórnunareiginleikar farsins séu viðunandi miðað við aflmestu knúningsvélina sem farið er hannað og smíðað fyrir. Í notendahandbókinni skal gefa upp hámarksmálafli vélar fyrir allar knúningsvélar.

## 5. KRÖFUR UM UPPSETNINGU

### 5.1. Vélar og vélarrými

#### 5.1.1. Innanborðsvél

Öllum innanborðsvélum skal komið fyrir í rými, sem er aðskilið vistarverum, þannig að eldhætta eða hætta á útbreiðslu elds og hætta af völdum eiturgufa, hita, hávaða eða titrings sé í lágmarki.

Greiður aðgangur skal vera að vélarhlutum og aukahlutum sem hafa þarf reglulegt eftirlit og/eða umsjón með.

Einangrunarefni innan á vélarrými skal vera eldþolið.

#### 5.1.2. Loftræsting

Í vélarrými skal vera loftræsting. Tryggilega skal gengið frá öllum loftopum þannig að sem minnst vatn komist inn í vélarrýmið.

#### 5.1.3. Óvarðir vélarhlutar

Allir óvarðir vélarhlutar, sem hreyfast eða eru heitir og geta valdið slysum á mönnum, skulu tryggilega varðir vel nema vélin sé með hlíf eða hún umlukin á einhvern hátt.

#### 5.1.4. Gangsetning utanborðsknúningsvélar

Öll för með utanborðsknúningsvél skulu hafa búnað sem kemur í veg fyrir að vélin fari í gang þegar hún er í gír, nema:

- þegar vélin framleiðir minni kyrrukný en 500 njúton (N),
- þegar vélin er útbúin með eldsneytisgjafahemli sem takmarkar kný við 500 N þegar vélin er sett í gang.

#### 5.1.5. Einmenningsför án stjórnanda

Einmenningsför skulu annaðhvort hönnuð með sjálfvirku gangrofi knúningsvélar eða með sjálfvirkum búnaði til að draga úr ferð, sigla í hring og áfram þegar stjórnandinn fer sjálfviljugur frá borði eða fellur fyrir borð.

5.1.6. Utanborðsknúningsvélar með stýrisstöng skulu hafa búnað til neyðarstöðvunar, sem hægt er að tengja við stýrimanninn.

### 5.2. Eldsneytiskerfi

### 5.2.1. Almenn atriði

Búnaður og fyrirkomulag um áfyllingu og loftræstingu eldsneytisgeymis og geymslu eldsneytis og eldsneytisbirgða skulu hönnuð og þannig úr garði gerð að hætta á bruna og sprengingu sé í lágmarki.

### 5.2.2. Eldsneytisgeymar

Tryggilega skal gengið frá eldsneytisgeymum, leiðslum og slöngum og þær aðskildar eða varðar gegn öllum helstu hitagjöfum. Efnið sem geymarnir eru smíðaðir úr og útfærsla þeirra skal vera í samræmi við rými þeirra og eldsneytisgerð.

Bensíngeymar skulu hafa loftræstibúnað.

Bensíngeymar skulu ekki vera hluti af bolnum og skulu:

- a. varðir gegn eldi frá öllum vélum og öllum öðrum íkveikjuvöldum,
- b. aðskildir frá vistarverum.

Dísilólúgeymar mega vera hluti af bolnum.

## 5.3. Rafkerfi

Rafkerfi skulu vera þannig hönnuð og úr garði gerð að far starfi rétt við eðlilega notkun og þannig að hætta á bruna og raflosti sé í lágmarki.

Allar rafrásir, nema straumrásir til að ræsa vélar, sem fá rafspennu frá rafhlöðum, skulu varðar gegn ofhleðslu.

Rafrásir rafknúningsbúnaðar skulu ekki hafa víxlverkandi áhrif á aðrar rafrásir þannig að þær starfi ekki á tilætlaðan hátt.

Loftræsting skal vera til staðar til að koma í veg fyrir uppsöfnun sprengifimra loftegunda frá rafhlöðum.

Rafhlöður skulu tryggilega festar og varðar gegn innstreymi vatns.

## 5.4. Stýrisbúnaður

### 5.4.1. Almenn atriði

Stjórnkerfi fyrir stýrisbúnað og knúningskerfi skal þannig hannað, smíðað og uppsett að yfirfærsla stýrisaðgerða sé vandkvæðalaus við öll fyrirsjáanleg starfræksluskiyrði.

### 5.4.2. Neyðarbúnaður

Skemmtibátar með seglbúnaði og skemmtibátar án seglbúnaðar með einfaldri knúningsvél og fjarstýrðum búnaði fyrir stýrisblöðku skulu hafa neyðarbúnað sem gerir kleift að stýra skemmtibátum á litlum hraða.

## 5.5. Gaskerfi

Gaskerfi til heimilisnota skal vera þeirrar gerðar sem notar gas í uppgufuðu formi og skal þannig hannað og uppsett að ekki sé hætta á leka eða sprengingu og auðvelt sé að athuga hvort um leka sé að ræða. Efni og íhlutir skulu henta þeirri gastegund sem notuð er til að standast ytra álag sem búast má við á siglingu.

Öll gastæki, sem eru notuð í þeim tilgangi sem framleiðandi ætlast til, skulu sett upp í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans. Sérhvert tæki, sem gengur fyrir gasi, verður að fá gas eftir sérgrein í dreifikerfinu og hvert tæki verður að hafa aðskilinn lokunarbúnað. Nægileg loftræsting verður að vera til staðar til að koma í veg fyrir hættu af völdum leka og afurðum brennslunnar.

Öll för með varanlega uppsett gaskerfi skulu útbúin með rými til að geyma gaskúta. Rýmið skal aðskilið frá vistarverum, aðeins aðgengilegt utan frá og með loftræstingu sem leiðir út undir bert loft til að gas, sem sleppur út, fari útbyrðis.

Öll varanleg gaskerfi skulu sérstaklega prófuð eftir uppsetningu.

## 5.6. Eldvarnir

### 5.6.1. Almenn atriði

Við val á búnaði, sem settur er upp, og innréttingu fars skal tekið tillit til eldhættu og útbreiðslu elds. Sérstaklega skal gæta að umhverfi tækja, sem nota opinn eld, heitum svæðum eða vélum og hjálparvélum, olíu- og eldsneytisýfirfalli, óvörðum olíu- og eldsneytisleiðslum og einkum að raflagnir séu ekki settar upp nálægt varmagjöfum og heitum svæðum.

### 5.6.2. Slökkvibúnaður



Skemmtibátar skulu útbúnir með slökkvibúnaði, sem er í samræmi við eldhættuna, en annars ber að tilgreina hvar hentugum búnaði, sem samsvarar eldhættunni, hefur verið komið fyrir og hversu öflugur hann er. Ekki má taka farið í notkun fyrr en hentugum slökkvibúnaði hefur verið komið fyrir. Bensínvéllarrými skal varið með þannig slökkvikerfi að ekki sé þörf á að opna rýmið ef kviknar í. Ef handslökkvitæki eru sett upp skal þeim komið þannig fyrir að auðvelt sé að komast að þeim og eitt þeirra skal þannig staðsett að auðvelt sé að ná í það frá aðalstjórnað skemmtibátsins.

### 5.7. Siglingaljós, dagmerki og hljóðmerki

Ef siglingaljósum, dagmerkjum og hljóðmerkjum er komið fyrir skulu þau vera í samræmi við alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó frá 1972 (COLREG) eða evrópskar skipareglur fyrir skipgengar vatnaleiðir (CEVNI), eftir því sem við á.

### 5.8. Búnaður til að koma í veg fyrir losun og búnaður til að auðvelda flutning úrgangs í land

För skulu þannig smíðuð að ekki sé hætt á að mengunarefni (olía, eldsneyti o.s.frv.) verði losuð í sjóinn.

Salerni í skemmtibátum skal eingöngu tengt við safngeymi eða vatnshreinsikerfi.

Skemmtibátar með uppsettum safngeymum skulu hafa staðlaða tengingu fyrir losun til að unnt sé að tengja rör, sem taka við úrgangi, við frárennslisrör skemmtibátsins.

Þar að auki skulu öll rör fyrir mannaúrgang, sem liggja gegnum bol bátsins, útbúin með tryggum lokunarbúnaði.

## B. GRUNNKRÖFUR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR LOSUN MEÐ ÚTBLÆSTRI FRÁ KNÚNINGSVÉLUM

Knúningsvélar skulu vera í samræmi við grunnkröfurnar að því er varðar losun með útblæstri sem settar eru fram í þessum hluta.

### 1. AUÐKENNI KNÚNINGSVÉLAR

#### 1.1. Hver vél skal vera greinilega merkt með eftirfarandi upplýsingum:

- nafni, skráðu viðskiptaheiti eða vörumerki framleiðanda vélarinnar og heimilisfangi þar sem ná má í hann og, ef við á, nafni og heimilisfangi þar sem ná má í einstaklinginn sem breytir vélinni,
- gerð vélar, hópi véla, ef við á,
- kenniraðnúmeri vélar,
- CE-merki eins og kveðið er á um í 16. gr.

1.2. Merkingarnar, sem um getur í lið 1.1, verða að endast eðlilegan endingartíma vélarinnar og vera auðlæsilegar og óafmáanlegar. Ef merkimiðar eða -plötur eru notaðar verður að festa þær á þann hátt að festingin endist eðlilegan endingartíma vélarinnar og þannig að ekki sé hægt að fjarlægja merkimiðana eða -plöturnar án þess að eyðileggja þær eða gera þær ólæsilegar.

1.3. Merkingarnar verður að festa við einhvern vélarhluta sem er nauðsynlegur við eðlilega notkun vélarinnar og sem að öllu jöfnu þarf ekki að endurnýja eins lengi og vélin endist.

1.4. Merkingunum skal vera þannig fyrir komið að þær séu auðveldlega sýnilegar eftir að vélin hefur verið sett saman með öllum þeim íhlutum sem nauðsynlegir eru fyrir notkun hennar.

### 2. KRÖFUR ER VARÐA LOSUN MEÐ ÚTBLÆSTRI

Knúningsvélar skulu hannaðar, smíðaðar og settar saman þannig að losun fari ekki yfir viðmiðunarmörkin í töflu 1 í lið 2.1 og töflu 2 og 3 í lið 2.2 þegar þær eru settar upp á réttan hátt og notkun er eðlileg.

2.1. Gildi sem nota skal við beitingu bráðabirgðarákvæðis í reglugerð þessari og töflu 2 í lið 2.2:

Tafla 1

Gerð	Kolsýringur			Vetniskolefni			Köfnunarefnisoxíð NO <sub>x</sub>	Efnisagnir PT
	CO = A + B/P <sub>N</sub> <sup>n</sup>			HC = A + B/P <sub>N</sub> <sup>n</sup>				
	A	B	n	A	B	n		
Tvígengisvél með	150,0	600,0	1,0	30,0	100,0	0,75	10,0	Á ekki við

(g/kWh)

neistakveikju								
Fjörgengisvél með neistakveikju	150,0	600,0	1,0	6,0	50,0	0,75	15,0	Á ekki við
Þjöppukveikja	5,0	0	0	1,5	2,0	0,5	9,8	1,0

Í töflunni eru A, B og n fastar og  $P_N$  er málafl vélarinnar í kW.

2.2. Gildin sem gilda frá 18. janúar 2016:

Tafla 2

**Viðmiðunarmörk losunar með útblæstri fyrir þjöppukveikjuvélar <sup>2)</sup>**

Sprengirými SV (L/cyl)	Málafl vélar $P_N$ (kW)	Efnisagnir PT (g/kWh)	Vetniskolefni + köfnunarefnisoxíð HC + NO <sub>x</sub> (g/kWh)
SV < 0,9	$P_N < 37$	Gildin sem um getur í töflu 1	
	$37 \leq P_N < 75$ <sup>1)</sup>	0,30	4,7
	$75 \leq P_N < 3\,700$	0,15	5,8
$0,9 \leq SV < 1,2$	$P_N < 3\,700$	0,14	5,8
$1,2 \leq SV < 2,5$		0,12	5,8
$2,5 \leq SV < 3,5$		0,12	5,8
$3,5 \leq SV < 7,0$		0,11	5,8

<sup>1)</sup> Að öðrum kosti: þjöppukveikjuvélar með málafl vélar, sem er a.m.k. 37 kW og undir 75 kW og með sprengirými undir 0,9 L/cyl, skulu ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir agnalosun sem nemur 0,20 g/kWh og samanlögð viðmiðunarmörk fyrir HC + NO<sub>x</sub> -losun sem nemur 5,8 g/kWh.

<sup>2)</sup> Þjöppukveikjuvélar skulu ekki fara yfir losunarmörk fyrir kolsýring (CO) sem nemur 5,0 g/kWh.

Tafla 3

**Viðmiðunarmörk losunar með útblæstri fyrir neistakveikjuvélar**

Gerð vélar	Málafl vélar $P_N$ (kW)	Kolsýringur CO (g/kWh)	Vetniskolefni + köfnunarefnisoxíð HC + NO <sub>x</sub> (g/kWh)
Skutdrif og innanborðsvélar	$P_N \leq 373$	75	5
	$373 < P_N \leq 485$	350	16
	$P_N > 485$	350	22
Útanborðsvélar og vélar í einmenningsförum	$P_N \leq 4,3$	$500 - (5,0 P_N)$	30
	$4,3 < P_N \leq 40$	$500 - (5,0 P_N)$	$15,7 + (50/P_N)^{0,9}$
	$P_N > 40$	300	$15,7 + (50/P_N)^{0,9}$

### 2.3 Prófunarlotur

Prófunarlotur og vægisstuðlar sem nota skal:

Eftirfarandi kröfur úr ISO-staðli 8178-4:2007 skulu notaðar, að teknu tilliti til gildanna sem sett eru fram í töflunni hér á eftir.

Fyrir þjöppukveikjuvélar, sem ganga á breytilegum hraða, skal nota prófunarlotu E1 eða E5 en fyrir vélar sem eru yfir 130 kW má einnig nota prófunarlotu E3. Fyrir neistakveikjuvélar, sem ganga á breytilegum hraða, skal nota prófunarlotu E4.

<b>Lota E1, prófunarþáttur nr.</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
<b>Hraði</b>	<b>Nafnhraði</b>		<b>Millihraði</b>		<b>Hægur lausagangur</b>
Snúningsvægi, %	100	75	75	50	0
Vogtala	0,08	0,11	0,19	0,32	0,3
<b>Hraði</b>	<b>Nafnhraði</b>		<b>Millihraði</b>		<b>Hægur lausagangur</b>
<b>Lota E3, prófunarþáttur nr.</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
Hraði, %	100	91	80	63	
Afl, %	100	75	50	25	
Vogtala	0,2	0,5	0,15	0,15	
<b>Lota E4, prófunarþáttur nr.</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
Hraði, %	100	80	60	40	Lausagangur
Snúningsvægi, %	100	71,6	46,5	25,3	0
Vogtala	0,06	0,14	0,15	0,25	0,40
<b>Lota E5, prófunarþáttur nr.</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>
Hraði, %	100	91	80	63	Lausagangur
Afl, %	100	75	50	25	0
Vogtala	0,08	0,13	0,17	0,32	0,3

Tilkynntar stofur geta samþykkt prófanir, sem framkvæmdar eru á grundvelli annarra prófunarlota, eins og tilgreint er í samhæfðum staðli og eins og viðeigandi er fyrir vinnuferli vélarinnar.

#### 2.4 Notkun hóps knúningsvéla og val á knúningsstofnvél

Framleiðandi vélarinnar ber ábyrgð á því að skilgreina hvaða vélar, úr vöruúrvali hans, eru settar í sama vélaflokki.

Stofnvél skal valin úr vélaflokki þannig að einkenni hennar hvað varðar losun séu dæmigerð fyrir allar vélar í þeim vélaflokki. Að öllu jöfnu ætti stofnvél flokksins að vera sú vél sem hefur þá eiginleika sem búist er við að hafi í för með sér hæstu sértæku losunina (gefin upp sem g/kWh) við mælingu í viðeigandi prófunarlotu.

#### 2.5 Prófunareldsneyti

Prófunareldsneytið, sem notað er við prófun á losun með útblæstri, skal hafa eftirfarandi eiginleika:

<i>Bensín</i>				
<b>Eiginleiki</b>	<b>RF-02-99 Blýlaust</b>		<b>RF-02-03 Blýlaust</b>	
	<b>Lágmark</b>	<b>Hámark</b>	<b>Lágmark</b>	<b>Hámark</b>
Prófunaroktantala (RON)	95	—	95	—
Vélaroktantala (MON)	85	—	85	—
Eðlismassi 15 o C (kg/m <sup>3</sup> )	748	762	740	754
Upphafssuðumark (°C)	24	40	24	40
Massahlutfall	—	100	—	10

brennisteins (mg/kg)				
Blýinnihald (mg/l)	—	5	—	5
Gufuþrýstingur (samkvæmt Reid-aðferðinni (kPa))	56	60	—	—
Gufuþrýstingur (DVPE) (kPa)	—	—	56	60
<b>Dísileldsneyti</b>				
<b>Eiginleiki</b>	<b>RF-06-99</b>		<b>RF-06-03</b>	
	<b>Lágmark</b>	<b>Hámark</b>	<b>Lágmark</b>	<b>Hámark</b>
Setantala	52	54	52	54
Eðlismassi 15 o C (kg/m <sup>3</sup> )	833	837	833	837
Lokasuðumark (°C)	—	370	—	370
Blossamark (°C)	55	—	55	—
Massahlutfall brennisteins (mg/kg)	Skal gefa upp	300 (50)	—	10
Massahlutfall ösku (%)	Skal gefa upp	0,01	—	0,01

Tilkynntar stofur geta samþykkt prófanir, sem framkvæmdar eru á grundvelli annars prófunareldsneytis, eins og tilgreint er í samhæfðum staðli.

### 3. ENDING

Framleiðandi vélar skal láta í té uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar, sem ættu að sjá til þess, ef farið er eftir þeim, að vélin, miðað við venjulega notkun, uppfylli áfram mörkin, sem sett eru fram í liðum 2.1 og 2.2, á eðlilegum endingartíma vélarinnar við venjuleg notkunarskilyrði.

Framleiðandi vélar skal afla þessara upplýsinga með undanfarandi þolprófun, sem byggist á venjulegum prófunarlotum, og með því að reikna út slit á íhlutum, svo að hann geti samið nauðsynlegar viðhaldsleiðbeiningar og látið fylgja öllum nýjum vélum þegar þær eru settar á markað í fyrsta sinn.

Eðlilegur endingartími vélar er sem hér segir:

- a. fyrir þjöppukveikjuvélar: 480 klukkustundir í starfrækslu eða tíu ár, hvort sem verður fyrir,
- b. fyrir innanborðsvélar með neistakveikju eða skutdrif með eða án sambyggðs útblásturskerfis:
  - i. fyrir vélaflokkinn  $P N \leq 373$  kW: 480 klukkustundir í starfrækslu eða tíu ár, hvort sem verður fyrir,
  - ii. fyrir vélar í flokknum  $373 < P N \leq 485$  kW: 150 klukkustundir í starfrækslu eða þrjú ár, hvort sem verður fyrir,
  - iii. fyrir vélaflokkinn  $P N > 485$  kW: 50 klukkustundir í starfrækslu eða eitt ár, hvort sem verður fyrir,
- c. fyrir vélar í einmenningsförum: 350 klukkustundir í starfrækslu eða fimm ár, hvort sem verður fyrir,
- d. fyrir utanborðsvélar: 350 klukkustundir í starfrækslu eða tíu ár, hvort sem verður fyrir.

### 4. NOTENDAHANDBÓK

Notendahandbók skal fylgja með hverri vél á tungumáli eða tungumálum sem eru auðskiljanleg fyrir neytendur og aðra endanlega notendur.

Í notendahandbókinni skulu vera:

- A. leiðbeiningar um uppsetningu, notkun og viðhald, sem nauðsynlegt er til að tryggja að vélin starfi eðlilega í því skyni að geta uppfyllt kröfurnar í 3. lið (ending),
- B. upplýsingar um afl vélarinnar, mælt í samræmi við samhæfða staðalinn.

### C. GRUNNKRÖFUR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HÁVAÐAMENGUN

Skemmtibátur með innanborðsvélar eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis, einmenningsför sem og utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi skulu vera í samræmi við grunnkröfurnar að því er varðar hávaðamengun sem settar eru fram í þessum hluta.

#### 1. HÁVAÐASTIG

**1.1** Skemmtibáta með innanborðsvélar eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis, einmenningsför sem og utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi skal hanna, smíða og setja saman þannig að hávaðamengun fari ekki yfir viðmiðunarmörkin í eftirfarandi töflu:

Málafli vélar (einstök vél) í kW	Hámarkshljóðþrýstingsstig = $L_{pASmax}$ í dB
$P_N \leq 10$	67
$10 < P_N \leq 40$	72
$P_N > 40$	75

þar sem  $P_N$  = málafli vélar í kW fyrir einstaka vél á málhraða og  $L_{pASmax}$  = hámarkshljóðþrýstingsstig í dB. Fyrir einingar með tvær eða margar vélar af öllum gerðum má frávikið vera 3 dB.

**1.2** Annar kostur en hljóðmæling er að skemmtibátur með innanborðsvél eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis telst samræmast hávaðakröfunum, sem settar eru fram í lið 1.1, ef Froude-talan er  $\leq 1,1$  og hlutfallið milli vélarafls og særýmis er  $\leq 40$  og vél og útblásturskerfi er sett upp í samræmi við forskrift frá framleiðanda vélarinnar.

**1.3.** „Froude-tala“  $F_n$  finnst með því að deila kvaðratrótinni af lengd vatnslínunnar  $l_{wl}$  (m) í hámarkshraða skemmtibáts  $V$  (m/s) og margfalda með uppgefnum þyngdarhröðunarfasta,  $g = 9,8 \text{ m/s}^2$ .

$$F_n = \frac{V}{\sqrt{g \cdot l_{wl}}}$$

„Hlutfallið milli vélarafls og særýmis“ finnst með því að deila særými skemmtibáts  $D$  (í tonnum) í málafli vélar  $P_N$  (í kW)

$$\text{Hlutfallið milli vélarafls og særýmis} = \frac{P_N}{D}$$

#### 2. NOTENDAHANDBÓK

Að því er varðar skemmtibáta með innanborðsvél eða skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis og einmenningsför á skal notendahandbókin, sem krafist er samkvæmt lið 2.5 í A-hluta, innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að halda skemmtibátinum og útblásturskerfinu í því ástandi sem, eftir því sem unnt er, tryggir samræmi við tiltekin hávaðamörk við venjulega notkun.

Að því er varðar utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi skal notendahandbókin, sem krafist er í 4. lið í B-hluta, innihalda leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til að halda vélinni í því ástandi sem, eftir því sem unnt er, tryggir samræmi við tiltekin hávaðamörk við venjulega notkun.

#### 3. ENDING

Ákvæðin um endingu í 3. lið í B-hluta gilda, að breyttu breytanda, um samræmi við kröfurnar um hávaðamengun sem settar eru fram í 1. lið þessa hluta.

#### 1A. VIÐAUKI

##### Samræmismatsaðferðir og viðbótarkröfur

#### 1. HÖNNUN OG SMÍÐI

Með tilliti til hönnunar og smíði skemmtibáta gilda eftirfarandi aðferðir sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB:

- a. Að því er varðar hönnunarflokka A og B, sem um getur í 1. lið A-hluta I. viðauka:
- i. fyrir skemmtibáta með bollengd frá 2,5 m og undir 12 m gildir einhver af eftirfarandi aðferðareiningum:
    1. aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti),
    2. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
    3. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
    4. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu),
  - ii. fyrir skemmtibáta með bollengd frá 12 m til 24 m gildir einhver af eftirfarandi aðferðareiningum:
    1. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
    2. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
    3. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).
- b. Að því er varðar hönnunarflokk C, sem um getur í 1. lið A-hluta I. viðauka:
- i. fyrir skemmtibáta með bollengd frá 2,5 m og undir 12 m gildir einhver af eftirfarandi aðferðareiningum:
    1. ef samhæfðir staðlar, sem varða lið 3.2 og 3.3 í A-hluta I. viðauka, eru uppfylltir: aðferðareining A (innra framleiðslueftirlit), aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti), aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningu C, D, E eða F, aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun) eða aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu),
    2. ef samhæfðir staðlar, sem varða lið 3.2 og 3.3 í A-hluta I. viðauka, eru ekki uppfylltir: aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti), aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningu C, D, E eða F, aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun) eða aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu),
  - ii. d fyrir skemmtibáta með bollengd frá 12 m til 24 m gildir einhver af eftirfarandi aðferðareiningum:
    1. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
    2. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
    3. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).
- c. Að því er varðar hönnunarflokk D, sem um getur í 1. lið A-hluta I. viðauka:
- i. fyrir skemmtibáta með bollengd frá 2,5 m til 24 m gildir einhver af eftirfarandi aðferðareiningum:
    1. aðferðareining A (innra framleiðslueftirlit),
    2. aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti),
    3. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
    4. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
    5. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).

Með tilliti til hönnunar og smíði einmenningsfara gildir einhver eftirfarandi aðferða, sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB:

- d. aðferðareining A (innra framleiðslueftirlit),
- e. aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti),
- f. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
- g. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
- h. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).

Með tilliti til hönnunar og smíði íhluta gildir einhver eftirfarandi aðferða, sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB:

- i. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
- j. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
- k. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).

## 2. LOSUN MEÐ ÚTBLÆSTRI

Að því er varðar losun með útblæstri skal framleiðandi véla beita eftirfarandi aðferðum, sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB, fyrir vörurnar sem um getur í d- og e-lið 1. mgr. 2. gr.:

- a) Þegar prófanir eru gerðar með því að nota samhæfða staðalinn gildir einhver eftirfarandi aðferðareininga:
  - i) i. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningum C, D, E eða F,
  - ii) ii. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
  - iii) iii. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu),
- b) Þegar prófanir eru gerðar án þess að nota samhæfða staðalinn gildir einhver eftirfarandi aðferðareininga:
  - i) i. aðferðareining B (EB-gerðarprófun) ásamt aðferðareiningu C1,
  - ii) ii. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun).

## 3. HÁVAÐAMENGUN

Að því er varðar hávaðamengun frá skemmtibátum, sem eru með skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis eða með innanborðsvél, og frá skemmtibátum, sem eru með skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis eða með innanborðsvél sem umtalsverð breyting hefur verið gerð á og eru síðan settir á markað innan fimm ára frá því að breytingin átti sér stað, skal framleiðandinn beita eftirfarandi aðferðum sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB:

- a) Þegar prófanir eru gerðar með því að nota samhæfða staðalinn fyrir hávaðamengun gildir einhver eftirfarandi aðferðareininga:
  - i. aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti),
  - ii. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
  - iii. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).
- b) Þegar prófanir eru gerðar án þess að nota samhæfða staðalinn fyrir hávaðamengun gildir aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun).
- c) Ef Froude-talan og aðferðin við að mæla hlutfall milli vélarafis og særymis er notuð við matið þá gildir einhver af eftirfarandi aðferðareiningum:
  - i. aðferðareining A (innra framleiðslueftirlit),
  - ii. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
  - iii. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).

2. Að því er varðar hávaðamengun frá einmenningsförum og utanborðsvélum og skutdrifum með sambyggðu útblásturskerfi, sem ætlað er til uppsetningar í skemmtibáta, skal framleiðandi skemmtibáta eða véla beita eftirfarandi aðferðum sem settar eru fram í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB:

- a) Þegar prófanir eru gerðar með því að nota samhafða staðalinn fyrir hávaðamengun gildir einhver eftirfarandi aðferðareininga:
  - i. aðferðareining A1 (innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti),
  - ii. aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun),
  - iii. aðferðareining H (samræmi byggt á fullri gæðatryggingu).
- b) Þegar prófanir eru gerðar án þess að nota samhafða staðalinn fyrir hávaðamengun gildir aðferðareining G (samræmi byggt á einingarsannprófun).

#### 4. VIÐBÓTARKRÖFUR

Þegar aðferðareining B í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB er notuð skal EB-gerðarprófunin fara fram með þeim hætti sem tilgreint er í öðrum undirlið við 2. lið þeirrar aðferðareiningar.

Til framleiðslugerðarinnar, sem um getur í aðferðareiningu B, má telja nokkrar útgáfur af vörunni, að því tilskildu:

- a) að munur á útgáfunum hafi ekki áhrif á öryggisstig og aðrar kröfur er varða nothæfi vörunnar og
- b) að vísað sé til mismunandi útgáfna af vörunni í samsvarandi EB-gerðarprófunarvottorði, með breytingum á upprunalegu vottorði ef nauðsyn krefur.

Þegar aðferðareining A1 í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB er notuð skal framkvæma vöruathuganir á einu eða fleiri förum, sem eru dæmigerð fyrir framleiðslu framleiðandans, og viðbótarkröfurnar, sem settar eru fram í VI. viðauka við þessa reglugerð, skulu þá gilda. Möguleikinn á því að nota faggiltu innri aðilana, sem um getur í aðferðareiningu A1 og C1 í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB, á ekki við.

Þegar aðferðareining F í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB er notuð skal beita málsmeðferðinni, sem lýst er í VII. viðauka við þessa reglugerð, við mat á samræmi við kröfur er varða losun með útblæstri.

Þegar aðferðareining C í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB er notuð við mat á samræmi við kröfur þessarar reglugerðar er varða losun með útblæstri og ef framleiðandinn starfar ekki samkvæmt viðeigandi gæðakerfi, eins og lýst er í aðferðareiningu H í II. viðauka við ákvörðun nr. 768/2008/EB, skal tilkynnt stofa, sem framleiðandinn velur, gera eða láta gera vöruathuganir með óreglulegu millibili, sem sú stofa ákvarðar, til að sannprófa gæði innri athugana á vörunni. Ef gæðin virðast ófullnægjandi eða nauðsynlegt virðist að sannprófa gildi gagnanna, sem framleiðandinn lagði fram, skal beita málsmeðferðinni sem sett er fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.



II. VIÐAUKI  
**Íhlutir fyrir för**

1. eldvarinn búnaður fyrir innanborðsbensínvélur og skutdrif sem ganga fyrir bensíni og bensíngeyma,
2. búnaður til að varna því að utanborðsvélar séu ræstar í gír,
3. stýrishjól, stýrisbúnaður og kaplaeiningar,
4. eldsneytisgeymar ætlaðir fyrir fasta uppsetningu og eldsneytisleiðslur,
5. forsmíðaðar lúgur og kýraugu.

Drög til kynningar

## III. VIÐAUKI

**Yfirlýsing framleiðanda eða innflytjanda um hálfsmíðað far  
(2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar)**

Í yfirlýsingunni, sem um getur í 2. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, frá framleiðanda eða innflytjanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu skal eftirfarandi koma fram:

- a. nafn og heimilisfang framleiðanda,
- b. nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða, eftir því sem við á, einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir setningu vörunnar á markað,
- c. lýsing á hálfsmíðaða farinu,
- d. yfirlýsing um að hálfsmíðaða farið uppfylli grunnkröfurnar, sem gilda um þetta smíðastig, en þetta skal fela í sér tilvísun í viðeigandi samhafða staðla, sem eru notaðir, tilvísun í forskriftirnar, sem lýst er yfir að eigi að uppfylla á þessu smíðastigi, og enn fremur að fyrirhugað sé að annar einstaklingur eða lögaðili ljúki smíðinni í fullu samræmi við þessa reglugerð.

Drög til kynningar

**IV. VIÐAUKI**  
**ESB-Samræmisýfirlýsing**

*(Það er valfrjálst hvort samræmisýfirlýsingunni sé úthlutað númeri)*

1. Nr. xxxxx (Vara: vara, lota, gerð eða raðnúmer):
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans [Viðurkenndi fulltrúinn þarf einnig að gefa upp firmaheiti og heimilisfang framleiðanda] eða aðilans sem flytur inn til einkanota.
3. Útgáfa þessarar samræmisýfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans eða aðilans, sem flytur inn til einkanota, eða einstaklingsins, sem um getur í 3. eða 4. mgr. 17. gr. reglugerðar þessarar.
4. Hlutturinn sem yfirlýsingin á við um (auðkenning vöru sem gerir rekjanleika mögulegan. Þegar við á má láta ljósmynd fylgja með):
5. Hlutturinn sem yfirlýsingin á við um og sem lýst er í 4. lið er í samræmi við viðkomandi samhæfingarlöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins:
6. Tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla, sem eru notaðir, eða tilvísanir í aðrar tækniforskriftir sem samræmisýfirlýsing miðast við:
7. Þar sem við á: tilkynntur aðili... (nafn, númer) ... framkvæmdi ... (lýsing á afskiptum) ... og gaf út vottorðið:
8. auðkenni einstaklingsins sem hefur umboð til að undirrita fyrir hönd framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans,
9. viðbótarupplýsingar:

Í ESB-samræmisýfirlýsingunni skal vera yfirlýsing frá framleiðanda knúningsvélarinnar og þess einstaklings sem breytir vélinni í samræmi við b- og c-lið 4. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar um að:

- a. þegar vélin er sett upp í far í samræmi við leiðbeiningarnar, sem fylgja vélinni um uppsetningu, muni hún uppfylla:
  - i. kröfur þessarar reglugerðar um losun með útblæstri,
  - ii. mörkin í tilskipun 97/68/EB að því er varðar vélar, sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt tilskipun 97/68/EB og eru í samræmi við losunarmörk III. áfanga A, III. áfanga B eða IV. áfanga fyrir þjöppukveikjuvélar sem ætlaðir eru til annars en að knýja skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, eimreiðar eða sporreiðar, eins og kveðið er á um í lið 4.1.2 í I. viðauka við þá tilskipun, eða
  - iii. mörkin í reglugerð (EB) nr. 595/2009 að því er varðar vélar sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt þeirri reglugerð.

Ekki má taka vélina í notkun fyrr en því hefur verið lýst yfir að farið, sem setja á vélina í, samræmist viðeigandi ákvæði þessarar reglugerðar, ef þess er krafist.

Ef vélin hefur verið sett á markað á umbreytingartímabilinu, sem kveðið er á um í bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar, skal það tilgreint í ESB-samræmisýfirlýsingunni.

Undirritað fyrir og fyrir hönd:

(útgáfustaður og dagsetning)

(nafn, stöðuheiti)(undirskrift)

## V. VIÐAUKI

### Jafngilt samræmi byggt á mati sem fram fer að lokinni smíði (Aðferðareining PCA)

1. Samræmi byggt á mati, sem fram fer að lokinni smíði, er sú aðferð sem notuð er til að meta jafngilt samræmi vöru, sem framleiðandinn hefur ekki tekið ábyrgð á að sé í samræmi við þessa reglugerð og þar sem einstaklingur eða lögaðili, sem um getur í 2., 3. eða 4. mgr. 17. gr., sem setur vöruna á markað eða tekur hana í notkun á eigin ábyrgð, tekur ábyrgð á jafngildu samræmi vörunnar. Þessi einstaklingur skal uppfylla skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í 2. og 4. lið, og tryggja og lýsa því yfir á eigin ábyrgð að hlutaðeigandi vara, sem hefur fallið undir ákvæði 3. liðar, sé í samræmi við viðeigandi kröfur í þessari reglugerð.

2. Einstaklingurinn, sem setur vöruna á markað eða tekur hana í notkun, skal leggja fram umsókn hjá tilkynntri stofu um að meta vöruna að lokinni smíði og verður að láta tilkynntu stofunni í té gögn og tækniskjöl, sem gera henni kleift að meta samræmi vörunnar við kröfur þessarar reglugerðar, og allar fyrirliggjandi upplýsingar um notkun vörunnar eftir að hún var fyrst tekin í notkun.

Einstaklingurinn, sem setur slíka vöru á markað eða tekur hana í notkun, skal geyma þessi skjöl og upplýsingar þannig að þær séu aðgengilegar viðeigandi landsyfirvöldum í 10 ár eftir að varan hefur verið metin með tilliti til jafngilds samræmis hennar í samræmi við aðferðina um mat sem fram fer að lokinni smíði.

3. Tilkynnta stofan skal skoða hverja vöru og vinna útreikninga, prófanir og annað mat, eftir því sem þurfa þykir, til að tryggja að sýnt hafi verið fram á jafngilt samræmi vörunnar við viðkomandi kröfur þessarar reglugerðar.

Tilkynnta stofan skal taka saman og gefa út samræmisvottorð og tilheyrandi samræmisskýrslu út frá matinu, sem var framkvæmt, og geyma afrit af samræmisvottorðinu og samræmisskýrslunni þannig að það sé aðgengilegt viðeigandi yfirvöldum í 10 ár eftir að hún gefur þessi skjöl út.

Tilkynnta stofan skal festa kenninúmer sitt við hliðina á CE-merkinu á samþykktu vörunni eða láta gera það á eigin ábyrgð.

Ef varan, sem verið er að meta, er far skal tilkynnta stofan einnig, á eigin ábyrgð, láta festa kenninúmer farsins, sem um getur í lið 2.1 í A-hluta I. viðauka, á vöruna og í tengslum við þetta skal reiturinn fyrir landskóða framleiðanda notaður til að vísa til staðfestulands tilkynntu stofunnar og reiturinn fyrir sérstakan kóða framleiðanda, sem yfirvald í aðildarríkinu úthlutar, skal notaður til að tilgreina kenninúmerið, sem tilkynntu stofunni var úthlutað fyrir matið sem fram fer að lokinni smíði, og þar á eftir skal raðnúmerið koma sem er á vottorðinu um matið sem fram fer að lokinni smíði. Reitina í kenninúmeri farsins fyrir framleiðslumánuð og -ár skal nota til að tilgreina mánuðinn og árið sem matið að lokinni smíði fer fram.

#### 4. CE-merki og ESB-samræmisfirlýsing

4.1. Einstaklingurinn, sem setur vöruna á markað eða tekur hana í notkun, skal festa CE-merkið og, á ábyrgð tilkynntu stofunnar, sem um getur í 3. lið, kenninúmer þess síðarnefnda á þá vöru sem tilkynnta stofan hefur metið og vottað jafngilt samræmi hennar við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar.

4.2. Einstaklingurinn, sem setur vöruna á markað eða tekur hana í notkun, skal gera ESB-samræmisfirlýsingu og geyma hana þannig að hún sé aðgengileg landsyfirvöldum í 10 ár eftir að vottorðið um mat að lokinni smíði hefur verið gefið út. Í samræmisfirlýsingunni skal tilgreina vöruna sem hún á við.

Afrit af ESB-samræmisfirlýsingunni skal vera aðgengilegt viðkomandi yfirvöldum samkvæmt beiðni.

4.3. Ef varan, sem er metin, er far skal einstaklingurinn, sem setur farið á markað eða tekur það í notkun, festa á það auðkennisplötu framleiðanda, sem lýst er í lið 2.2 í A-hluta I. viðauka, og á plötunni skal standa „mat að lokinni smíði“, sem og kenninúmer fars, sem lýst er í lið 2.1 í A-hluta I. viðauka, í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í 3. lið.

5. Tilkynnta stofan skal tilkynna einstaklingnum, sem setur vöruna á markað eða tekur hana í notkun, um skyldur hans samkvæmt þessari aðferð um mat að lokinni smíði.

## VI. VIÐAUKI

**Viðbótarkröfur þegar notað er innra framleiðslueftirlit ásamt vöruprófun undir eftirliti, eins og sett er fram í aðferðareiningu A1 (2. mgr. 4. gr. IA viðauka)**

**Hönnun og smíði**

Framleiðandi skal framkvæma, eða láta framkvæma, eina eða fleiri af eftirfarandi prófunum, jafngilda útreikninga eða eftirlit á einu eða fleiri förum, sem eru dæmigerð fyrir framleiðslu framleiðanda:

- a) stöðugleikaprófun í samræmi við lið 3.2 í A-hluta I. viðauka,
- b) prófun á uppdrifseiginleikum í samræmi við lið 3.3 í A-hluta I. viðauka.

**Hávaðamengun**

Að því er varðar skemmtibáta með innanborðsvél og skutdrif án sambyggðs útblásturskerfis og einmenningsför skal framleiðandi fars framkvæma, eða láta framkvæma, hljóðmengunarprófanir, sem eru skilgreindar í C-hluta I. viðauka, á einu eða fleiri förum, sem eru dæmigerð fyrir framleiðslu framleiðanda, á ábyrgð tilkynntrar stofu sem framleiðandinn velur.

Að því er varðar utanborðsvélar og skutdrif með sambyggðu útblásturskerfi skal framleiðandi vélar framkvæma, eða láta framkvæma, hljóðmengunarprófanirnar, sem eru skilgreindar í C-hluta I. viðauka, á einni eða fleiri vélum í hverjum hópi véla, sem eru dæmigerðar fyrir framleiðslu framleiðanda, á ábyrgð tilkynntrar stofu sem framleiðandinn velur.

Eigi að prófa fleiri en eina vél úr hópi véla skal nota tölfræðiaðferðina, sem lýst er í VII. viðauka, til að tryggja samræmi úrtaks

## VII. VIÐAUKI

**Samræmi framleiðslumats á losun með útblæstri og hávaðamengun**

1. Til að sannprófa samræmi innan vélaflokks skal taka úrtak af vélum úr framleiðsluröðinni. Framleiðandinn ákveður stærð úrtaksins ( $n$ ) í samráði við tilkynntu stofuna.

2. Meðaltal niðurstaðnanna,  $X$ , sem úrtakið gefur, skal reiknað út fyrir hvern undirliggjandi þátt í losun með útblæstri og hávaðamengun sem viðkomandi reglur gilda um. Framleiðsluröðin telst vera í samræmi við kröfurnar („fullnægjandi niðurstaða“) ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

$$X + k \cdot S \leq L$$

$S$  er staðalfrávik, þar sem:

$$S^2 = \frac{\sum(x - X)^2}{n - 1}$$

$X$  = meðaltal niðurstaðnanna sem úrtakið gefur

$x$  = einstakar niðurstöður sem úrtakið gefur

$L$  = viðkomandi viðmiðunarmark

$n$  = fjöldi véla í úrtaki

$k$  = tölfræðilegur stuðull sem ákvarðast af  $n$  (sjá töflu hér á eftir)

n	2	3	4	5	6	7	8	9	10
k	0,973	0,613	0,489	0,421	0,376	0,342	0,317	0,296	0,279
n	11	12	13	14	15	16	17	18	19
k	0,265	0,253	0,242	0,233	0,244	0,216	0,210	0,203	0,198
Ef $n \geq 20$ þá er $k = 0,860 / \sqrt{n}$ .									

## VIII. VIÐAUKI

**Viðbótarmálsmeðferð sem beita skal við gerðarsamræmi sem er byggt á innra framleiðslueftirliti  
(Aðferðareining C)**

Í þeim tilvikum sem um getur í 5. mgr. 4. gr. viðauka IA skal beita eftirfarandi málsmeðferð ef gæðin virðast vera ófullnægjandi:

Vél er tekin úr framleiðsluröðinni og prófuð eins og lýst er í B-hluta I. viðauka. Prófunarvélar skulu vera tilkeyrðar að hluta eða öllu leyti, í samræmi við forskriftir framleiðanda. Ef losun með útblæstri, sem einkennir vélina sem tekin var úr framleiðsluröðinni, fer yfir viðmiðunarmörkin, samkvæmt B-hluta I. viðauka, getur framleiðandinn farið fram á að mælingar verði gerðar á úrtaki véla, sem teknar eru úr framleiðsluröðinni, þ.m.t. á vélinni sem upprunalega var tekin úr röðinni. Til að tryggja að úrtak véla sé í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar skal nota tölfraeðiaðferðina sem lýst er í VII. viðauka.

Drög til kynningar

## IX. VIÐAUKI

**Tæknigögn**

Tæknigögnin, sem um getur í 2. mgr. 6. gr. og 20. gr., skulu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli fyrir matið, innihalda eftirfarandi:

1. almenna lýsingu á gerðareintakinu,
2. frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undireiningum, straumrásum og önnur viðeigandi gögn,
3. lýsingar og útskýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og skýringarmyndir og til að skilja hvernig varan starfar,
4. skrá yfir staðlana, sem um getur í 12. gr. og sem beitt er að öllu leyti eða að hluta, og lýsingar á lausnum sem samþykktar hafa verið til að uppfylla grunnkröfur reglugerðarinnar þegar stöðlunum, sem um getur í 12. gr., hefur ekki verið beitt,
5. niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar, og önnur viðeigandi gögn,
6. prófunarskýrslur eða útreikninga á stöðugleika í samræmi við lið 3.2 í A-hluta I. viðauka og á uppdrifi í samræmi við lið 3.3 í A-hluta I. viðauka,
7. prófunarskýrslur um losun með útblæstri sem sýna fram á samræmi við 2. lið í B-hluta I. viðauka,
8. prófunarskýrslur um hávaðamengun sem sýna fram á samræmi við 1. lið í B-hluta I. viðauka.



## X. VIÐAUKI

**Kröfur viðvirkjandi tilkynntum aðilum.**

Samræmismatsaðili skal uppfylla skilyrði 1. til 12. tölul. þessa viðauka til að fá réttarstöðu tilkynnts aðila.

1. Samræmismatsaðili skal vera lögaðili.
2. Samræmismatsaðili skal vera óháður þriðji aðili og hafa enga hagsmuni af vörunni sem verið er að meta. Samræmismatsaðili sem tilheyrir viðskiptasamtökum eða fagfélögum, sem fást við hönnun, framleiðslu, sölu eða dreifingu, samsetningu, notkun eða viðhald vara sem honum er falið að meta, getur talist slíkur aðili, með því skilyrði að sýnt sé fram á að hún sé óháð og laus við hagsmunaárekstra.
3. Samræmismatsaðili, æðstu stjórnendur hans og þeir starfsmenn sem annast samræmismat skulu ekki vera hönnuðir, framleiðendur, birgjar, uppsetningaradilar, eigendur, notendur eða viðhaldsaðilar varanna, sem þeir meta né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þetta skal þó ekki útiloka þá notkun á vörum, sem verið er að meta, sem nauðsynlegt er fyrir starfsemi samræmismatsaðilans eða persónulega notkun slíkra vara. Samræmismatsaðili, æðstu stjórnendur hans og þeir starfsmenn, sem annast samræmismat skulu ekki taka með beinum hætti þátt í hönnun, framleiðslu, markaðssetningu, uppsetningu, notkun eða viðhaldi þessara vara, né heldur vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi.
4. Samræmismatsaðilar skulu sjá til þess að starfsemi dótturfyrirtækja þeirra eða undirverktaka hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni í samræmismatsstarfsemi þeirra.
5. Samræmismatsaðilar og starfsmenn þeirra skulu framkvæma samræmismat af faglegri ráð- vendni og með nauðsynlegri tæknikunnáttu á hæsta stigi á viðkomandi sviði og vera lausir við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður samræmismats þeirra, einkum frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.
6. Samræmismatsaðilar skulu færir um að framkvæma þau verkefni við samræmismat sem þeim hafa verið falin skv. ákvæðum 18. gr. (athuga tilvísun) og vegna hverra þeir eru tilkynntur aðili, hvort sem verkefni eru framkvæmd af samræmismatsaðilanum sjálfum eða fyrir hönd hans og á ábyrgð hans.
7. Samræmismatsaðili skal ávallt, fyrir hverja samræmismatsaðferð og hverja tegund eða flokk vöru vegna hvers hann er tilkynntur aðili, hafa eftirfarandi til umræða:
  - a. nauðsynlegt starfsfólk sem býr yfir tækniþekkingu og nægilegri viðeigandi reynslu til að framkvæma samræmismatsverkefni,
  - b. nauðsynlegar lýsingar á aðferðunum sem beitt er við samræmismat, sem tryggja gagnsæi og getu til að endurtaka þessar aðferðir. Hjá samræmismatsaðilanum skulu vera fyrir hendi við- eigandi stefnur og aðferðir sem greina verkefni sem hann framkvæmir sem tilkynntur aðili frá annarri starfsemi,
  - c. nauðsynlegar aðferðir til að sinna starfsemi þar sem tekið er tilhlýðilegt tillit til stærðar fyrirtækis, geirans sem það starfar í, skipulags þess, hversu flókin tækni er í vörunni sem um er að ræða og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða,
  - d. þau úrræði sem nauðsynleg eru til að geta framkvæmt á réttan hátt þau tæknilegu og stjórnunarlegu störf sem tengjast samræmismati og hafa aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.
8. Þeir starfsmenn sem bera ábyrgð á framkvæmd samræmismats skulu hafa:
  - a. trausta tækni- og fagmenntun sem nær til allra samræmismatsverkefna sem aðilinn hefur verið tilnefndur til,
  - b. fullnægjandi þekkingu á þeim kröfum sem eru gerðar við matið sem þeir annast og fullnægjandi heimild til að annast slíkt mat,
  - c. fullnægjandi þekkingu og skilning á grunnkröfum, gildandi samhæfðum stöðlum og við- komandi samhæfingarlöggjöf Evrópska efnahagssvæðisins og framkvæmdarreglugerðum þess,
  - d. getu til þess að semja þau vottorð, skrár og skýrslur sem sýna að mat hafi verið framkvæmt.
9. Tryggja skal óhlutdrægni samræmismatsaðila, æðstu stjórnenda þeirra og starfsmanna. Þóknun æðstu stjórnenda og starfsmanna samræmismatsaðila skal hvorki vera háð fjölda matsgerða sem unnar eru né niðurstaðna slíkra matsgerða.
10. Samræmismatsaðilar skulu hafa ábyrgðartryggingu.

11. Starfsmenn samræmismatsaðila skulu gæta þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir afla sér í starfi nema gagnvart eftirlitsstofnunum. Vernda skal einkaleyfisrétt.
12. Samræmismatsaðilar skulu taka þátt í eða tryggja að það starfsfólk sem annast matið sé upplýst um viðeigandi vinnu við gerð staðla og starfsemi innan samræmingarhóps framkvæmdastjórnarinnar og skal nota sem almennar leiðbeiningar þær ákvarðanir og gögn sem eru afrakstur af vinnu þessa hóps.

Drög til kynningar